

**Nð.**

## **20. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 63 28. jan. 1925, um útflutningsgjald.

Flm.: Pétur Ottesen.

### **1. gr.**

Síðasti málsl. fyrstu málsgr. 2. gr. laganna orðist þannig: Af hverjum 100 kg. af fiskiúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og óþurrkuðum, kr. 1.00.

### **2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **G r e i n a r g e r ð.**

Á síðasta þingi flutti ég frumvarp um niðurfellingu beinatollsins. Sjávarútvegsnefnd klofnaði í málinu. Meiri hl. lagðist á móti framgangi þess, en minni hl. lagði til, að frv. yrði samþ. með þeirri breytingu, að tollurinn yrði færður niður í 10 kr. á smálest. Frumvarp þetta náði ekki fram að ganga. Er það nú flutt hér aftur og í þeim búningi, sem minni hluti sjávarútvegsnefndar lagði til. Er þess að vænta, að Alþingi það, er nú situr, láti ekki undir höfuð leggjast að verða við einróma kröfum sjómanna um lækkun á beinatollinum og dragi þar með úr því ranglæti og ósanngirnri, sem þeir eru beittir með svo gífurlega háum tolli sem nú er á þessari vöru.